

**Ed.**

**480. Breytingartillögur**

við frumv. til laga um fasteignaskatt.

Flutningsmaður: Sigurjón Friðjónsson.

1. Við 2. gr.

Greinin orðist þannig:

Eigandi greiðir skatt þennan. En að því er tekur til jarða, sem eru í leiguábúð þegar lög þessi öðlast gildi, getur eigandi, þangað til nýr samningur er gerður, krafist endurgjalds hjá leiguliða á því, sem ábúðarskatturinn hefir numið eftir meðaltali verðlagsskráa árin 1912—1921, að báðum árum meðtöldum.

2. Við 3. gr.

a. Orðin »aðrar en jarðir í leiguábúð og leigulóðir« í 1. málsl. 1. málsgr. falli niður.

b. Á eftir orðunum »slíkum húsum« í niðurl. málsgr. komi nýr málsliður, svo hljóðandi:

Þó ná ákvæði 2. gr. um skattgreiðslu leiguliða einnig til þeirra, sem hafa jarðeignir ríkissjóðs á leigu, er lög þessi öðlast gildi.